

**Ed.**

**342. Breytingartillögur**

[139. mál]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

1. Við 17. gr. Við 2. málsg. bætist:

Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félögum, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, má þó draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur  $\frac{1}{3}$  — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

2. Við 25. gr. Í stað „20%“ í tölul. II. komi: 25%.
3. 27.—52 gr. (V.—VII. kafli) falli niður.
4. 53. gr. falli niður.
5. 54. gr. falli niður.
6. Við 56. gr. 2. málsg. falli niður.